

neitt fyrir um raunverulegt ástand þess munar, sem samningur var gerður um, og er óvíst, hve mikils virði hann er nú. Með tilliti til þessa alls verður að telja, að ekki verði beitt beinni fógétagerð hér, heldur verði fjallað um viðskipti aðiljanna í heild fyrir hinum almenna dómstóli í einkamálum.

Er því synjað um innsetningargerð þessa, en málskostnaður fellur niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. október 1970.

Nr. 113/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Stefáni Þór Elíssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Bogi Nilsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Stefán Þór Elisson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 3. marz 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. febrúar s.l., er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 27. ágúst 1969, „á hendur Stefáni Þór Elíssyni matreiðslunema, Hafnarstræti 95, Akureyri, fæddum 28. september 1945 í Reykjavík, fyrir að hafa laust eftir misnætti aðfaranótt laugardagsins 27. apríl 1968 gerzt sekur um líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að veitast að Aðalsteini Bergdal, Fjólugötu 18, Akureyri, og slá höfði sínu í andlit honum og sparka síðan í hann með þeim afleiðingum, að Aðalsteinn hlaut talsverð meiðsli, m. a. varð að taka 4 tennur úr efri gömi hans, og sprunga kom í kjálkabein.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 6. maí 1968 kærði Aðalsteinn Bergdal, Fjólugötu 18 hér í bæ, yfir því, að laust eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 27. apríl 1968 hefði ákærði veitst að sér, þar sem þeir voru staddir í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri, og veitt sér áverka með því að reka höfuðið í andlit sér.

Nánar skýrði kærandi svo frá, að hann hefði verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu greint sinn og um miðnætti staddur á snyrtiherbergi hússins ásamt fleirum, þeirra á meðal ákærða, Stefáni Sigtryggssyni og Unnari Ottesen. Hann sagðist hafa verið að tala við Stefán Sigtryggsson, er ákærði hafi komið að og farið að hnýta í sig. Hafi orðahnippingar þá hafizt milli þeirra og síðan hafi þeir tekið í jakka hvor annars, en engar stimpingar orðið. Þá hafi ákærði beðið sig að sleppa taki á jakka hans, en haldið sínum. Kærandi kvaðst ekki hafa hlýtt strax og ekki vitað fyrri til en ákærði hafi rekið höfuðið í andlit sér þrisvar sinnum. Hann sagði, að ekki hefðu orðið frekari átök milli þeirra, nema hvað

ákærði sparkaði í hann að endingu. Hann sagðist hafa litið í spegil þarna á snyrtingunni og þá séð, að ein framtönn hékk niður á vör. Sneri hann sér þá til dyravarðar hússins og var fluttur á sjúkrahús, þar sem töninn var fjarlægð. Hann kveðst hafa leitað til Baldvins Ringsteds tannlæknis næsta dag, sem tók fjórar tennur úr efri gómi hans, en enn fremur kom í ljós, að efri kjálki var sprunginn.

Kærandi kveðst hafa legið rúmfastur að mestu síðan og kveðst ekki vera vinnufær.

Þá sagði kærandi, að hann svo og ákærði hefðu verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn, en vitnið Unnar Ottesen hefði verið ódrukkið.

Erlingur Pálmason lögregluvarðstjóri, sem tók skýrslu þá, sem rakin er hér að framan, af kæranda, getur þess í skýrslunni, að kærandi hafi komið á lögregluvarðstofuna um kl. 0130 umrædda nótt og að hann hafi þá verið að koma af sjúkrahúsinu, þar sem framtönn hafði verið fjarlægð úr honum. Getur varðstjóri þess, að kærandi hafi verið bólginn á munnni og undir áhrifum áfengis, en ekki verulega.

Í vottorði Baldvins Ringsteds tannlæknis, dagsettu 30. apríl 1968 segir svo: „Aðalsteinn Bergdal, Fjólugötu 18, Akureyri, kom til mín á tannlækningastofuna laugardaginn 27. apríl. Kvaðst hann hafa fengið högg framan á munninn og framtennurnar. Við skoðun kom í ljós, að tannholdið var mikið marið. Önnur miðframtönnin brotin uppi í beininu (alveolae) og hún laus, en fremur báðar hliðarframtennur lausar. Við röntgenmyndun kom í ljós, að sprungur voru í kjálkabeini (pros alveolaris), en ekki náðu þær nema stutt upp í beinið (ca. 5 mm).

Mikil bólga var í öllum stoðvefjum kringum tennurnar svo og í slímhúð.

Aðgerð: Tannúrdráttur á 4 tönnum (Fúkkalyfsgjöf)“.

Ákærði kom fyrir sakadóm Akureyrar hinn 15. ágúst 1968. Var honum þá kynnt skýrsla kæranda og sagði, að þar væri rétt greint frá átökunum, en tók fram, að upptök þeirra væru eigi síður kæranda að kenna en honum sjálfum.

Í bréfi, dags. 17. október 1968, krafðist lögmaður kæranda þess, að ákærði yrði látinn bera bóta- og refsíabyrgð á athæfi sínu og gerði grein fyrir bótakröfum kæranda. Með bréfi hans fylgdi m. a. vottorð Guðmundar Eyjólfssonar læknis, dags. 12. ágúst 1968, svohljóðandi:

„Aðalsteinn Guðjónsson, f. 1. 12. 1949, Fjólugötu 18, Akureyri,

hefur 15 gráðu hlikk á $\frac{2}{3}$ nefnsins til vinstri, $\frac{1}{3}$ fremst á nefinu leitar til hægri.

Miðsnes er bogið til hægri. Þetta hefur valdið stíflu í nefinu, einkum hægra megin. Þetta telur hann hafa komið við áverka 12. apríl 1968. Það getur þurft að leiðrétta þetta með aðgerð“.

Hinn 23. október 1968 kom fyrir dóminn sem vitni Unnar Halldór Ottesen, 22 ára, til heimilis að Munkaþverárstræti 19 hér í bæ.

Kvaðst vitnið hafa verið statt á snyrtiherbergi Sjálfstæðis-hússins, þegar umræddur atburður gerðist. Sagðist það fyrst hafa orðið þess vart, að kærandi og ákærði voru farnir að rifast út af einhverju, en síðan séð, er ákærði hjó í andlit kæranda með höfðinu. Taldi vitnið, að þetta hefði verið mikið högg, og sagði, að glumið hefði í höfði kæranda.

Vitnið kvaðst ekki vita um upptök átakanna, en sagðist muna með vissu, að kærandi hafi haldið í brjóst ákærða, þegar ákærði hjó til hans.

Vitnið sagði, að þegar hefði fossað blóð úr andliti kæranda og átökin þá stöðvazt.

Kærandi kom fyrir sakadóm hinn 24. október 1968. Staðfesti hann þá skýrslu sína, sem reifuð er hér að framan.

Með hliðsjón af vottorði Guðmundar Eyjólfssonar lækni sagði kærandi, að hann hefði hlotið mikið högg á nefið umrætt sinn. Hann sagðist hins vegar ekki hafa orðið þess var, að áverka væri þar að finna, fyrr en 3—4 vikum eftir að hann hlaut höggið, en þá var nef hans að stíflast. Hann kvaðst þá þegar hafa leitað til læknis á Akureyri, sem vísað hafi sér til sérfræðings.

Kærandi staðhæfði, að áverkar á nefi hans stöfuðu af átökum við ákærða og neitaði því eindregið að hafa síðar hlotið þar högg.

Málið var síðan sent saksóknara ríkisins til fyrirsagnar, og með bréfi, dagsettu 14. apríl 1969, krafðist saksóknari þess, að kannað yrði, hvort áverkki á nefi kæranda hefði hlotizt af ætlaðri árás ákærða.

Ákærði, sem kvaddur var fyrir dóminn, kvaðst muna eftir því, að kærandi hefði hlotið högg á munninn umrætt sinn og að tennur hefðu verið teknar úr honum þess vegna. Hann kvaðst hins vegar ekki vita til þess, að kærandi hefði meiðzt á nefi.

Vitnið Erlingur Pálmason lögregluvarðstjóri kvaðst muna eftir því, að framtönn eða framtennur voru lausar í kæranda umrætt sinn, en kvaðst ekki muna eftir öðrum áverkum á honum.

Þá kom kærandi aftur fyrir dóminn hinn 8. maí 1969. Var framburður hans þá í samræmi við það, sem áður hefur verið rakið úr framburði hans. Hann sagðist ekki hafa hlotið blóðnasir í átökunum við ákærða og sagði jafnframt, að engir áverkarnir hefðu verið sýnilegir á nefi sínu eftir þau.

Kærandi kveðst aldrei hafa hlotið högg á nefið áður og aldrei fyrr orðið þar var óþæginda.

Vitnið Stefán Birgir Sigtryggsson, 19 ára, til heimilis að Norð-urbyggð 20 hér í bæ, kvaðst hafa verið statt á snyrtiherbergi Sjálfstæðishússins greint sinn á tali við kæranda, þegar ákærði kom þar að. Vitnið kvaðst muna, að kærandi greip í jakka ákærða og hélt þar, en mundi ekki, hvernig það atvikaðist. Það sagði, að ákærði hefði síðan gripið báðum höndum í jakka kæranda og höggvið höfðinu í andlit hans. Þá hefðu þeir sleppt tókum og byrjað handalögmál. Sagði vitnið, að ákærði hefði slegið kæranda í andlitið krepptum hnefa, þannig að glumdi í, og loks sparkað í afturenda hans, er kærandi sneri sér við. Sagði vitnið, að blóð hefði fossað úr andliti kæranda eftir þessi átök og hefði kærandi byrjað að þurrka blóðið framan úr sér, en síðan farið á brott.

Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvar hnefahögg ákærða lenti á kæranda, nema hvað það lenti í andliti hans, og mundi ekki, hverja áverka kærandi hlaut.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn.

Vitnið vann eið að þessum framburði.

Þá kom vitnið Unnar Halldór Ottesen aftur fyrir dóminn.

Vitnið kvaðst ekki hafa tekið sérstaklega eftir því, hvar höfuðhögg ákærða lenti á andliti kæranda, og kvaðst ekki vita, hvaðan blóð rann úr andliti hans, en sagði sig minna, að það hefði verið úr nefi hans.

Þá sagði vitnið sig minna, að kærandi hefði hlotið áverka í munn, þ. e. tennur losnað, en mundi ekki eftir áverkum á nefi hans.

Vitnið mundi ekki eftir því, að til handalögmáls kæmi millir kæranda og ákærða greint sinn.

Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn, en ekki verulega.

Loks hefur verið aflað vottorðs frá Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar, svohljóðandi:

„Það vottast, að Aðalsteinn Bergdal, Fjólugötu 18, Akureyri,

kom á slysavarðstofu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 27. 4. 1968. Sjúkdómsgreining í dagbók er: Brotin framtönn í efri góm eftir ryskingar“.

Niðurstaða.

Með skírskotun til framburðar aðilja og vættis vitna þykir í ljós leitt, að aðiljar málsins hafi byrjað að deila, þar sem þeir voru staddir í snyrtiherbergi Sjálfstæðishússins greint sinn, síðan gripið hvor í annars fót, en ákærði loks höggvið höfði sínu í andlit kæranda, er kærandi sleppti eigi taki á jakka hans, með þeim afleiðingum, að 4 framtennur losnuðu í efri gómi kæranda, svo að taka varð þær úr, og sprunga kom í kjálkabein.

Hins vegar þykir eigi nægilega sannað, að kærandi hafi hlotið áverka á nefi af völdum ákærða.

Verknaður ákærða, sem eigi þykir réttlætanlegur, varðar við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins, útgefnu 25. ágúst 1969, hafði ákærði þá sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1962 12/9 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1963 8/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 9/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 13/1 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 24/3 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 22/4 á Akureyri: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. og 21. gr. áfengislaga, 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar og 16. gr. áfengislaga.
- 1966 21/7 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 23/8 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., 3. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 7/2 á Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 256. gr. sömu laga.
- 1968 25/1 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1968 29/2 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1968 24/4 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1968 27/8 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.

Með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 14. ágúst 1969, var ákærði dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá og með 6. maí 1969 að telja fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага.

Refsing ákærða eftir 217. gr., sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir eftir atvikum og með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Af kæranda hálfu hefur verið krafizt skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 44.754.00. Sundurliðar kærandi kröfurnar þannig:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Vinnutjón frá 26. apríl 1968 til 10. maí 1968 kr. | 4.754.00 |
| 2. Læknishjálp og önnur útgjöld | — 15.000.00 |
| 3. Miskabætur | — 25.000.00 |

Samtals kr. 44.754.00

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfum.

Um 1. Kærandi hefur lagt fram vottorð frá vinnuveitanda sínum um vinnutekjutap í samræmi viðkröfulið þennan. Verður hann því dæmdur að fullu.

Um 2. Kærandi hefur lagt fram reikning fyrir lækniskostnaði Baldvins Ringsteds tannlæknis, að fjárhæð kr. 8.100.00, og ber að taka þennan kröfulið til greina að því leyti.

Um 3. Kröfulið þessum þykir í hóf stillt, og verður hann því dæmdur að fullu.

Af hálfu kæranda hefur eigi verið krafizt vaxta.

Samkvæmt framangreindu verður ákærði dæmdur til að greiða kæranda skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 37.854.00.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rannsókn máls þessa og meðferð hefur dregizt, einkum vegna þess að ákærði hefur verið til sjós og við vinnu á ýmsum stöðum á landinu.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Þór Elísson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði Aðalsteini Bergdal, Fjólugötu 18, Akureyri, kr. 37.854.00 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
